

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til skólameistarans á Akureyri, um lærdómsdeild við gagnfræðaskólann þar. **61**
25. oktbr.

Á fundi 22. okt. s. l. hefir ráðuneytið ákveðið að gagnfræðaskólinn á Akureyri skuli hjer eftir hafa heimild til að halda uppi lærdómsdeild eftir sömu reglum og gilda um lærdómsdeild mentaskólans samkvæmt reglugjörð frá 1908, með tveim minniháttar breytingum viðvíkjandi aldurstakmarki og sumarleyfi. Skal þessi deild hafa rjett til að útskrifa stúdenta og fari próf þeirra, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, að öllu fram eftir ákvæðum gildandi prófreglugerða máladeildar mentaskólans, enda veiti allan sama rjett. Áður en kemur að prófi næsta vor mun ráðuneytið gefa út reglugjörð til handa gagnfræðaskólanum vegna þessara áðurnefndu breytinga á lengd kenslutíma og starfsháttum skólans.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögreglustjóranna, um framkvæmd áfengisbannlaganna. **62**
16 nóvbr.

Menn segja, að brot þau gegn áfengislögunum, sem framin eru á skipunum, sjeu einna mest áberandi af áfengislagabrotunum og þá líka þjóðinni til mestrar vanvirðu. Þetta getur satt verið. Útlendir menn ferðast á skipunum og sjá glögglega, hverju fram fer. En hvað sem því líður, þá er ilt til þess að vita, að lögin eru svo mjög brotin á skipunum, og má það alls ekki líðast, að menn troði þessi lög fótum fremur en önnur lög. Ráðuneytið hyggur, að ráða megi bót á ólaginu ef lögreglustjórnarnir leggjast á eitt með ríkisstjórninni og gera, eins og hún vill gera fyrir sitt leyti, alt, sem í þeirra valdi stendur, til að fylgja fram lögunum í einu sem öllu. Það hefir þýðingu, að lögin sjeu framkvæmd á sama hátt í öllum lögsagnarumdæmum landsins, og þykir ráðuneytinu því rjett að taka það fram, er hjer fer á eftir.

1. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 15 frá 1925 má ekkert íslenskt skip flytja annað áfengi til landsins en það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins. Þó á þetta ekki við um fólksflutningaskip, sem

62
16 nóvbr.

hafa rúm fyrir að minsta kosti 25 farþega, og eru í siglingum milli landa, enda hafi þau fengið undanþáguleyfi stjórnarráðsins eins og segir í greininni.

Önnur íslensk skip en hin síðarnefndu mega því alls ekki hafa meðferðis til landsins nokkurn skipsforða af áfengi, nema það sem á að vera lögum samkvæmt í lyfjakistu skipsins.

2. Þegar erlent skip kemur frá útlöndum — og að þessu leyti fer eins um íslensk skip, er hafa undanþáguleyfi stjórnarráðsins samkvæmt framanrituðu — á skipstjóri að gefa lögreglustjóra skýrslu um áfengi í skipinu, og síðan á lögreglustjóri, ef skipið hefir áfengi meðferðis, er ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, að gera ráðstafanir eftir því sem lögina mæla fyrir um, þ. e. innsigla áfengið á fyrstu höfn eftir að skipið tekur land. Síðan má ekki brjóta innsiglið aftur fyr en skipið hefir yfirgefið síðustu höfn hjer á landi, þar sem það kemur við í þeirri ferð, nema ef lögreglustjóri á millihöfn hjer við land eða umboðsmaður hans kann að finna ástæðu til endurtalningar á birgðunum, enda gefi hann þá skýrslu um það á birgðaskránni. Lögreglustjóri sá eða umboðsmaður hans, er innsiglaði vinið á fyrstu höfn, skal síðan undirrita með skipstjóra birgðaskrá þar sem nákvæmlega er látið uppi, hve mikið og hverskonar áfengi er innsiglað og hvar og hve víða í skipinu. Aðrir lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu á höfnum þeim, er skipið kemur síðar á, athuga birgðaskrána og gæta þess, að innsiglin sjeu öll óbrotin meðan skipið er í strandsiglingu hjer við land. Ráðuneytið vill vekja athygli á því, að það getur haft hina mestu þýðingu fyrir áfengismálið í heild sinni, að þær ráðstafanir, er lögreglustjóri á að gera í þessu efni, sjeu gerðar með fylstu nákvæmni.

Vegna sjálfsgæðs samræmis við það, er segir um íslensk skip í 1. tölulið, verður að líta svo á, að íslensk fólksflutningaskip með undanþáguleyfi hafi, þrátt fyrir leyfið, alls ekki rjett til að hafa nokkurt áfengi óinnsiglað sem skipsforða í innanlandssiglingum. Undanþáguleyfið er veitt vegna millilandasiglinganna og nær aðeins til þeirra. Þessa mun eigi hafa verið nægilega gætt til þessa. Að því er snertir erlend skip, er sigla með ströndum fram, verður að líta svo á, að þau megi hafa nokkurn óinnsiglaðan skipsforða af áfengi, eins og áfengislöggjöfinni er nú háttað. Hingað til hefir ekki verið nákvæmlega fyrirskipað, hve mikið þetta óinnsiglaða áfengi megi vera og mun það hafa gert löggæsluna í þessu efni til muna erfiðari. Þess vegna skal þess hjer eftir gætt á fyrstu höfn, þar sem erlent skip tekur land, að óinnsiglaður skipsforði af nokkru áfengi sje aldrei látinn vera

meiri en $\frac{1}{2}$ liter á hvern fastráðinn skipverja. Lögreglustjóri eða **62** umboðsmaður hans og skipstjóri skulu á fyrstu höfn einnig semja **16. nóvbr.** nákvæma, sjerstaka skrá yfir skipsforðann, innsiglaðan og óinnsiglaðan. Aðrir lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra skulu á öllum höfnum, þar sem skipið kemur við í sömu ferð, bera saman birgðaskrána og hvað eftir er óeytt af skipsforðanum og geta þess með undirskrifaðri athugasemd á birgðaskránni. Meðan verið er að koma þessari nýju reglu á, má vel vera, að sumum forráðamönnum erlendra skipa þykki skammtur þessi í minsta lagi, en þar ber á tvent að líta. Íslenska ríkið bannar sínum eigin skipum algerlega að hafa óinnsiglaðan skipsforða af áfengi, þegar þau eru í strandsiglingu, og geta erlendir keppinautar þeirra varla búist við, að landsstjórnin vilji að þarflausu gefa erlendum siglingafjelögum forrjettindi fram yfir íslensk skip, og það því síður, sem það þekkest ekki í nokkru öðru landi í álfunni, að skip hafi yfirleitt rjett til mannflutninga með ströndum fram nema í sínu eigin landi. Í öðru lagi geta erlendir skipshafnir að vítalausu keypt borðvín til neyslu handa sjer í hinum sjö kaupstöðum, þar sem vínbúðir eru opnar.

3. Samkvæmt reglugjörð nr. 65 frá 18. júlí 1922 og reglugjörð 27. oktbr. 1924, um breyting á fyrstnefndri reglugjörð, má enginn hafa um hönd veitingar Spánarvína nema sá, er fengið hefir heimild dómsmálaráðuneytisins þar til. Þessa heimild hefir sem stendur aðeins eitt gistihús í Reykjavík. Spánarvín má því alls ekki að vítalausu selja eða veita á skipum hjer við land fremur en annað áfengi.

Að svo mæltu vill ráðuneytið hjermeð brýna fyrir yður, herra lögreglustjóri að gæta þess af fremsta megni og með fylstu nákvæmni, að áfengislöggjöfin sje hvorki brotin á skipum í umdæmi yðar nje í landi. Góð samvinna milli lögreglustjórana innbyrðis mundi að sjálf-sögðu hafa hina mestu þýðingu fyrir gæslu áfengisbannlaganna í landinu yfirleitt.